

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. apríl 2024

Mál nr. S-17/2024:

Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Elimar Hauksson lögmaður*)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl 2024, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum dags. 20. desember 2023 á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir líkamsárás með því að hafa, fimmtudaginn 8. september 2022, að þáverandi dvalarstað hans og A, kt. 000000-0000, að [...], ýtt A þannig að hún féll í gólfíð, náð í eldhúshníf og elt hana ógnandi með hnífinn inn á baðherbergi og að hafa slegið hana í andlitið. Voru afleiðingar árásar ákærða þær að A hlaut marblett vinstra megin á enni og tvo marbletti á hægri framhandlegg.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa.

Af hálfu brotþola A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.800.00 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. apríl 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt tímaskýrslu.

II

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning um heimilisofbeldi að [...]eftir hádegi fimmtudaginn 8. september 2022. Er lögregla kom á vettvang tók A, brotþoli í máli þessu, á móti lögreglumönnum. Hún sat grátandi í sófa og sjáanlega í miklu uppnámi inn í íbúð á 1. hæð hússins. Hún kvaðst finna til eymsla í handlegg og þar mátti sjá að mar og bólga var að byrja að myndast. Brotþoli sagði að kærasti hennar hafi veitt henni áverkana og einnig hótað henni með eldhúshníf. Lögreglumenn fóru upp á þriðju hæð hússins og knúðu þar dyra hjá ákærða. Honum var skipað að koma út úr íbúðinni og standa upp við vegg sem og hann gerði. Þar sem brotþoli var með áverka og ákærði hugsanlega með hníf var ákærði handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Brotþoli var flutt á [...]. Samkvæmt læknisvottorði var hún með marblett á enni vinstra megin við hársvörð og marblett á hægri framhandlegg, sem sást vel, og annan daufan.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu um kvöldið. Hann kvaðst halda að hann væri saklaus en brotþoli hafi slegið ákærða og hann hafi slegið til baka. Þau hafi rifist vegna þess að brotþoli hafi haldið að ákærði væri í sambandi við aðrar konur. Hann kvaðst vera á næturvöktum og hafa verið mjög þreyttur þegar hann hafi komið heim. Hann hafi verið sofandi þegar brotþoli hafi ýtt við honum og spurt við hverja ákærði hafi verið að tala. Þá hafi þau farið að rífast og hann boðist til að láta brotþola hafa síma ákærða. Hún hafi ekki hætt að rífast við ákærða og þegar hann hafi viljað fá símann sinn til baka hafi þau farið að togast á um hann. Brotþoli hafi þá slegið ákærða og hann reynt að verja sig. Þau hafi þá slegið hvort annað og ákærði viljað komast út en hann hafi verið nakinn. Hann kvaðst þá hafa tekið upp lítinn eldhúshníf og viljað að brotþoli léti ákærða í friði. Hún hafi þá farið inn á baðherbergi en ákærði lagt frá sér hnífinn og beðið brotþola að koma fram. Hún hafi þá byrjað að öskra og ákærði reynt að opna baðherbergishurðina en sagt að hann ætlaði ekki að meiða brotþola. Ákærði hafi þá hringt á lögregluna og hún

komið skömmu seinna. Ákærði kvaðst hafa hringt á lögregluna þar sem hann hafi ekki vitað hvað hann ætti að gera en hann hafi viljað laga ástandið. Hann kvaðst ekki hafa slegið brotþola, ekki sparkað í hana og ekki elt hana með hníf og hótáð henni með honum. Ákærði sagði að brotþoli hafi kannski fengið áverka á hendi þegar ákærði hafi verið að reyna að ná af henni símanum.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst í umrætt sinn hafa komið þreyttur heim til sín eftir langan vinnudag. Hann kvaðst hafa legið upp í rúmi og viljað hvíla sig. Hann hafi verið að skoða snjallsímman sinn og síðan sofnað en vaknað við það þegar brotþoli hafi allt í einu slegið ákærða tvisvar sinnum. Hann hafi spurt brotþola af hverju hún hafi verið að berja ákærða og hún hafi þá sagt að hann hafi verið að ræða við einhverja stúlku. Brotþoli hafi viljað fá síma ákærða til að skoða símann en ákærði hafi helst ekki viljað láta hana hafa símann því í honum hafi verið persónulegar upplýsingar. Ákærði hafi samt látið brotþola hafa símann til að sýna henni að hann hafi ekki verið í sambandi við stúlkur í símanum. Þegar ákærði hafi viljað fá símann aftur eftir 10-15 mínútur hafi brotþoli ekki viljað afhenda ákærða símann og hún hafi talað illa um ákærða. Ákærði kvaðst hafa reynt að taka símann af brotþola en hún hafi reynt að halda honum. Brotþoli hafi verið reið og sagt ljót orð um ákærða. Hann kvaðst ekki hafa ýtt við henni né farið á eftir henni með hníf og ekki verið ógnandi með hann. Ákærði hafi aðeins tekið hnífinn til þess að verjast brotþola. Hann kvaðst ekki hafa slegið brotþola hvorki í andlit né annars staðar. Hún hafi farið inn á baðherbergi, verið reið og öskrað en hún hafi ekki verið hrædd. Ákærði kvaðst hafa sagt við brotþola að ef hún héldi áfram að öskra myndi hann hringja á lögregluna en hann hafi ekki viljað að nágrannar myndu heyra hávaða. Ákærði hafi reynt að komast inn á baðherbergið til brotþola til þess að ljúka málinu en þá hafi hann ekki verið með hnífinn. Síðan hafi nágranni komið og bankað upp á hjá þeim. Brotþoli hafi loks komið út af baðherberginu og tekið eitthvað dót en síðan yfirgefið íbúðina. Ákærði kvaðst ekki vita hvers vegna brotþoli hafi verið með áverka eftir samskipti þeirra en ákærði gæti hafa gripið um handlegg brotþola þegar ákærði hafi verið að reyna að ná símanum af henni. Hafi ákærði valdið áverkanum á handlegg brotþola hafi það verið óvart en hann gat ekki skýrt hvers vegna hún hafi verið með áverka á enni. Ákærði kvaðst ekki hafa beitt brotþola ofbeldi.

Brotapoli sagði að hún og ákærði hafi verið að rífast og verið bæði upp í rúmi. Hún kvaðst hafa séð á síma ákærða að hann hafi verið með opinn möguleika til að kynnast öðru fólki. Brotapoli hafi beðið um að fá að skoða síma ákærða því hún ætlaði að athuga hvort hann væri að tala við aðrar konur. Hún hafi fengið símann og séð að ákærði hafi verið að ræða við nokkrar konur. Hann hafi lamið brotápola í brjóstið með símanum, þau hafi hrækt á hvort annað og ákærði sparkað í fætur brotápola. Hún hafi farið úr rúminu og ákærði þá tekið utan um hana og ætlað að henda henni aftur í rúmið. Ákærði hafi lamið brotápola nokkrum sinnum í andlitið með flötum lófa, þau hafi bæði fallið í gólfíð og hún hafi einnig dottið á skáp. Brotapoli hafi beðið ákærða að hætta og farið inn í eldhús en ákærði þá komið og tekið upp hníf. Hann hafi komið í áttina að brotápola með hnífinn og verið með ógnandi augnarád. Brotapoli hafi þá farið inn á baðherbergi og lokað hurðinni en ákærði hafi reynt að opna hana. Brotapoli hafi reynt að koma í veg fyrir að ákærði kæmist inn á baðherbergið og öskrað á hjálp en hann hafi þá verið með hnífinn. Þá hafi einhver komið og bankað á útihurð íbúðarinnar. Það hafi komið kona inn í íbúðina og brotapoli hafi flúið með konunni út úr íbúðinni. Brotapoli kvaðst í umrætt sinn aðeins hafa reynt að verja sig og hún hafi verið hrædd um að ákærði myndi nota hnífinn gegn henni. Brotapoli og ákærði hafi rifist áður en hann hafi aldrei áður verið stjórnlaus og ógnandi eins og í umrætt sinn. Brotapoli kvaðst hafa fengið áverka á andlit og handlegg í átökunum við ákærða. Hún kvaðst hafa farið í Kvennaathvarfið eftir atvikið og leitað aðstoðar hjá sálfræðingi. Hún kvaðst hafa verið döpur eftir þetta og eiga erfitt með að gleyma þessu.

Vitnið, B, kvaðst hafa verið nágranni ákærða og brotápola. Vitnið hafi vitað að þau hafi stundum rifist. Í umrætt sinn hafi vitnið heyrt læti og högg eins og eitthvað hafi brotnað. Síðan hafi vitnið heyrt kvenmannsrödd kalla á hjálp og bankað upp á hjá ákærða og brotápola. Ákærði hafi opnað og sagt að allt væri í góðu en vitnið hafi séð að brotapoli hafi verið í uppnámi. Hún hafi ekki viljað skýra frá því hvað væri í gangi en þetta hafi litið illa út og því hafi verið hringt á lögreglu. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi ákærði verið handtekinn.

Vitnið, lögreglumaður nr. 1185, sagði að tilkynnt hafi verið um yfirstaðið heimilisofbeldi. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi brotapoli verið grátandi og í

uppnámi á 1. hæð hússins og sagt að henni hafi verið ógnað með hníf. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína.

Vitnið, lögreglumaður nr. 1617, kvaðst hafa rannsakað farsíma brotaþola og í honum hafi fundist eitt myndband sem tengdist umræddu atviki. Vitnið staðfesti skýrslu sína um farsímarannsóknina.

IV

Niðurstaða.

Ákærða er gefin að sök líkamsárás en fyrir dómi neitaði hann sök. Hann viðurkenndi þó að hafa tekið upp hníf til þess að verjast brotaþola. Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu í kjölfar atviksins að viðstöddum tilnefndum verjanda og túlki sem túlkaði af ensku yfir á íslensku. Þar sagðist ákærði hafa slegið brotaþola og hún hafi slegið ákærða. Hún hafi byrjað að slá ákærða, hann hafi viljað verja sig og þau hafi slegið hvort annað. Hann hafi tekið upp lítinn eldhúshníf og sýnt brotaþola. Ákærði hafi hótad henni en hann hafi verið að verja sig. Ákærði kvaðst einnig hafa ýtt við brotaþola. Áverkinn á handlegg brotaþola hafi getað komið þegar ákærði hafi verið að reyna að ná símanum af henni. Ákærði sagði að brotaþoli hafi verið ofsahrædd. Fyrir dómi sagði ákærði að það sem hafi verið skráð eftir honum hjá lögreglu væri ekki rétt eftir honum haft og þá vegna tungumálaerfiðleika. Þessi skýring ákærða á breyttum framburði þykir ekki trúverðug í ljósi þess að viðstaddir skýrslutökuna hjá lögreglu voru bæði verjandi ákærða og túlkur. Þó að ekki hafi verið túlkað á móðurmáli ákærða verður ekki annað ráðið af upptöku af skýrslu hans hjá lögreglu en hann hafi skilið það vel sem þar fór fram og hann talar þar ágæta ensku. Hvorki ákærði né verjandi hans gerðu kröfu til þess að skýrslutakan færi fram á öðru tungumáli en ensku.

Daginn eftir atvikið ritaði ákærði undir yfirlýsingu þar sem hann skuldbatt sig til að veita brotaþola ekki eftirför, heimsækja hana eða vera í sambandi við hana á annan hátt svo sem með símtölum, eða tölvupósti í sex mánuði. Ekki verður annað ráðið af þessu en ákærði hafi talið sig hafa brotið gegn brotaþola.

Sama dag og atvikið varð fór brotaþoli í Kvennaathvarfið og dvaldi þar til 1. nóvember 2022. Þykir það benda til þess að brotaþoli hafi óttast ákærða eftir umrætt atvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning um heimilisofbeldi að [...]í hádeginu fimmtudaginn 8. september 2022. Þegar lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir brotþola í íbúð á 1. hæð hússins þar sem hún bjó ekki og var hún grátandi og í miklu uppnámi. Hún var með áverka á framhandlegg þ.e. mar og bólga var að byrja að myndast. Brotþoli sagði að sambýlismaður hennar, ákærði í máli þessu, hafi valdið áverkanum. Hún sagði að ákærði hafi einnig hótað henni með eldhúshníf. Lögreglumaður, sem gerði frumskýrslu vegna málsins, staðfesti fyrir dómi ástand brotþola á vettvangi.

Vitni sem bankaði upp á íbúð ákærða og brotþola í umrætt sinn kvaðst hafa heyrt læti frá íbúðinni og kvenmann hrópa á hjálp. Þegar vitnið hafi komið í íbúðina hafi brotþoli verið í uppnámi og beðið um hjálp. Þykir þetta benda til þess að brotþoli hafi sætt ofbeldi af hálfu ákærða.

Brotþoli fór í fylgd lögreglu á heilsugæslustöð. Samkvæmt læknisvottorði var hún með marblett vinstra megin á enni og tvo marbletti á hægri framhandlegg.

Samkvæmt skýrslu lögreglu um afritun á síma brotþola fundust í honum smáskilaboð (SMS) frá 8. september 2022. Í skilaboðunum sagði brotþoli m.a. að ákærði hafi ákveðið að slíta sambandi þeirra og haldið framhjá henni en í stað þess að biðjast afsökunar hafi hann ráðist á brotþola. Ákærði hafi hótað brotþola með hnífi og gaffli. Ákærði sagði að það hafi verið brotþoli sem hafi hótað ákærða en ekki öfugt og hún væri heppin að „þeir“ tryðu konum. Ákærði bað brotþola um að tala ekki meira við sig.

Brotþoli lýsti því fyrir dómi að ákærði hafi lamið hana í andlitið með flötum lófa og hún hafi rekið sig í skáp. Hann hafi einnig tekið upp hníf og komið með hann í áttina að brotþola. Hún hafi óttast að ákærði myndi nota hnífinn gegn brotþola en hann hafi verið stjórnlaus og ógnandi. Brotþoli skýrði mjög á sama veg frá hjá lögreglu. Ekkert er annað fram komið en framburður brotþola sé réttur í meginatriðum og um það sem mestu máli skiptir. Fær framburður hennar stoð í frumskýrslu lögreglu, læknisvottorði og framburði vitnis sem kom á vettvang.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og með þeim

afleiðingum sem þar er lýst. Með því hefur ákærði gerst brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu. Með hliðsjón af því þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brotapoli, A, gerir kröfu til þess að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 1.800.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir ofbeldisbrot gegn brotþola og hún á rétt til miskabóta úr hendi ákærða, sbr. b. – lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með hliðsjón af atvikum málsins þykja þær hæfilega ákveðnar 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. september 2022 til 21. desember 2023 en auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim til greiðsludags. Vextir greiðast frá þeim degi sem atvikið varð en ekki frá 1. apríl 2022 eins og krafist er samkvæmt einkaréttarkröfunni. Þá greiðast dráttarvexti frá þeim degi þegar mánuður var liðinn frá því að einkaréttarkrafan var birt ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Elimars Haukssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 967.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og þóknun réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu réttargæslumannsins 580.320 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði annan sakarkostnað 70.890 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. september 2022 til 21. desember 2023 en auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Elímars Haukssonar lögmanns, 967.200 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, 580.320 krónur. Ákærði greiði sakarkostnað 70.890 krónur.

Ingi Tryggvason